

Nd. 218. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Albert Guðmundsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen,
Árni Gunnarsson, Sverrir Hermannsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

Úr 19. gr. laganna falli niður úr 1. málslíð 1. mgr. orðin „viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vöru-reikningi“.

2. gr.

Með lögum þessum eru numdir úr gildi 2. og 3. málslíður í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63 frá 31. maí 1979, svo og önnur lagaákvæði sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði um bankastimplun sem skilyrði þess, að unnt væri að fá vöru tollafgreidda, var nýmæli sem tekið var upp í tollskrárlögin 1976. Á það var bent, að með þessu ákvæði væri tekin upp óeðlileg hagsmunagæsla fyrir erlenda aðila, sem ætti sér fá eða jafnvel engin fordæmi erlendis svo að vitað væri. Nú hafa þær aðstæður komið upp með verkfalli bankastarfsmanna, sem engan hefur órað fyrir við lögfestingu framangreinds ákvæðis, að ekki er unnt að tollafgreiða vörur, enda þótt hægt sé að sanna heimild seljanda vörunnar fyrir afhendingu í hendur kaupanda án þess að greiðsla í banka hafi farið fram. Dragist verkfall bankastarfsmanna á langinn verður ekki séð fyrir hvaða tjóni þetta ákvæði getur valdið. Er því lagt til að ákvæðið um bankastimplun verði nú þegar numið úr gildi.